

Málþing um lífeyrismál 19. janúar 2012.

Samspil lífeyris og almannatrygginga - þín framtíð.

Inngangserindi – Eiríkur Jónsson.

Fjármálaráðherra, góðir málþingsgestir. Ég vil í upphafi bjóða ykkur öll velkomin á þetta málþing BHM, BSRB og KÍ um lífeyrismál.

Lífeyrismálin eru eilífðarmál sem snerta alla jafnt, á sem utan vinnumarkaðarins. Það er staðreynd að lífeyrisréttindi fólks eru misjöfn og hið sama má segja um laun og önnur starfskjör. Því hefur löngum verið haldið fram með réttu að lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna séu almennt betri en lífeyrisréttindi launafólks á almennum vinnumarkaði. Því hefur líka verið haldið fram með réttu að laun á almennum vinnumarkaði séu hærrí en gengur og gerist á opinberum vinnumarkaði þegar borin eru saman sambærileg störf. Þá er það staðreynd að almannatryggingakerfið er notað til að jafna lífeyriskjör fólks þótt deila megi um hvort jöfnuður sem þannig fæst sé nægjanlegur. Þá má og benda á þá staðreynd að því hærrí lífeyri sem fólk fær greiddan frá lífeyrissjóðum, þeim mun hærrí er skatturinn sem sama fólk greiðir - sem að sjálfsgöðu hefur áhrif á afkomu fólks. Samandregið er þetta því þannig að starfskjör fólks verður að meta heildstætt frá vögggu til grafar og skyldur launagreiðenda og ábyrgð ríkis verður líka að meta heildstætt.

Markmiðið með þessu málþingi er að reyna að varpa ljósi á hin mörgu andlit kjara á íslenskum vinnumarkaði með höfuðáherslu á lífeyriskerfið, samspil þess við almannatryggingar og skattkerfið.

Samtök opinberra starfsmanna hafa um áratugaskeið staðið vörð um lífeyrissjóðakerfið á opinberum vinnumarkaði. Samtökin telja að þau réttindi sem það kerfi veitir séu síst nein ofurréttindi heldur lágmarksréttindi sem eru nauðsynleg fólki sem hefur hafið töku lífeyris. Lífeyrismálin hafa alltaf sameinað opinbera starfsmenn. Þótt samtökin hafi greint á um ýmis önnur mál þá hafa þau ávallt staðið þétt saman í vörn og sókn í lífeyrismálum – þannig hafa þau líka náð árangri.

Sumir halda því fram að lífeyriskjör opinberra starfsmanna séu einungis lögbundinn og því tiltölulega einfalt að breyta þeim þar sem lögum megi alltaf breyta.

Horfum til baka. Lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna eru nefnilega í senn kjarasamnings- og lögbundin. Árið 1980 var samið um núverandi réttindakerfi B deildar LSR í kjarasamningum samtakanna við fjármálaráðherra. Staðreyndin er sú að þegar opinberir starfsmenn greiddu atkvæði um kjarasamninga sína það ár voru forsendur samningsins meðal annars þær að Alþingi myndi lögfesta réttindakerfið sem B deildin hefur byggt á allar götur síðan. Kjarasamningurinn var samþykktur og Alþingi samþykkti í framhaldinu lög sem

byggja á samkomulagi aðila. Réttindin eru sem sagt kjarasamningsbundin, lögbundin og vernduð af eignarréttarákvæðum stjórnarskrár að flestra mati.

Árið 1996 urðu mikil átök um lífeyrismálin. Þáverandi fjármálaráðherra lagði fram frumvarp á Alþingi sem var þeirrar gerðar að ef það hefði verið samþykkt hefði það þýtt endalok lífeyriskerfis opinnberra starfsmanna og trúlega gríðarlegar skerðingar á réttindum allra landsmanna. BHM, BSRB og KÍ efndu til víðtækra fundarhalda um land allt og hvöttu félagsmenn sína til að rísa upp gegn þessu ranglæti. Fundir voru haldnir um land allt og ég minnst þess ekki á allri minni stéttarfélagssævi, ef svo má að orði komast, að hafa séð aðra eins þátttöku í fundarherferð. Sem dæmi má nefna að talið var að milli þrjú og fjögur hundruð manns hafi sótt fund samtakanna sem haldinn var á Hótel Selfossi af þessu tilefni. Samtökin höfðu sigur í þessu máli og frumvarpið var dregið til baka. Enn var samið og nú um lokun B deildar LSR og stofnun nýrrar deildar, A deildar LSR. Deildar, sem átti að meðaltali að vera jafnverðmæt B deildinni. Sama ár var samið um stofnun Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga sem byggði í grunninn á sömu forsendum og A deild LSR, þó innan LSS sé einnig að finna aldurstengda deild.

Samandregið lítur því dæmið þannig út:

Árið er 1980, þá var í raun samið um núverandi B deild LSR, meðal annars:

Réttindi nemi 2% á ári af grunnlaunum

95 ára regla

Eftirmannsregla

Ævilangur lífeyrir

Ævilangur makalífeyrir

Og margt fleira

Árið er 1996, þá var samið um núverandi A deild LSR sem átti að vera að meðaltali jafngild og B deild LSR:

Réttindi nemi 1,9% á ári af heildarlaunum

Þetta gerir nálægt 76% lífeyrisrétt eftir 40 ára starf

Samið um bættan örorkulífeyri geng minnkun á makalífeyrisrétti

Samið um að fólk gæti valið hvort það væri áfram í B deild eða flytti sig yfir í A deild.

Um þessi atriði voru samtök opinberra starfsmanna sammála og tóku fulltrúar samtakanna þátt í löngu og ströngu samstarfi við fulltrúa fjármálaráðherra. Niðurstaðan var samkomulag sem var síðan fært inn í lagatexta og þannig samþykkt á Alþingi.

Er einfaldara að breyta réttindum í A en B deild?

Þeir sem á annað borð hafa talað fyrir því að skerða lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna halda því margir hverjir fram að það sé auðveldara að breyta réttindum þeirra sem eru í A deild en B deild. Svar við mitt við þeirri spurningu er afdráttarlaust nei. Ástæðan er meðal annars sú að þeir sem völdu árið 1996 að flytja sig yfir í A deildar kerfið völdu það út frá ákveðnum forsendum. Þeim forsendum er ekki hægt að breyta 15 til 20 árum eftir að valið fór fram, svo einfalt er það að mínu mati.

Telja opinberir starfsmenn þá bara að allt sé í besta lagi? Nei síður en svo.

Við hrun fjármálakerfisins árið 2008 urðu lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna fyrir miklum búsifjum eins og allir aðrir lífeyrissjóðir. Það tekur örugglega mörg ár að vinda ofan af þeim áföllum sem sjóðirnir urðu fyrir. Vegna launagreiðendaábyrgðar annars vegar og ríkisábyrgðar hins vegar voru réttindi ekki skert í opinbera kerfinu þátt fyrir neikvæða ávöxtun líkt og hjá almennu sjóðunum. Í þessu sambandi er hins vegar mikilvægt að undirstrika rækilega að réttindi í opinbera kerfinu voru heldur ekki aukin á hinum meinta góðæristíma líkt og gert var hjá almennu sjóðunum. Mælingar sýna að á árunum 2005 til 2010 urðu mestar hækkunar á lífeyri sjóðfélaga í almenna kerfinu en minnstar hækkunar á lífeyri hjá sjóðfélögum í LSR B deild og sambærilegum sjóðum.

Vegna þeirrar staðreyndar að lífeyrissjóðir höfðu orðið fyrir áföllum kröfðust ASÍ og SA þess við gerð stöðugleikasáttmálans að lífeyrismál yrðu þar innanborðs. Niðurstaðan við samningaborðið var að eftirfarandi klausa var sett inn í stöðugleikasáttmálann

Í 9. grein er fjallað um málefni lífeyrissjóða, en þar segir:

„Ríkisstjórn, sveitarfélög og aðilar vinnumarkaðarins munu í sameiningu taka lífeyrismál og málefni lífeyrissjóða til umfjöllunar. Farið verður yfir málin frá grunni án skuldbindinga og fjallað um framtíðarsýn í þessum málaflokki.

Að óbreyttu hvílir sú lagaskylda á sjóðunum að endurskoða fjármögnun þeirra og/eða skerða réttindi sjóðfélaga. Aðilar eru sammála um að gera ráðstafanir til að unnt sé að fresta slíkum ákvörðunum að sinni á meðan unnið er að heildarendurskoðun“.

Fulltrúar opinberra starfsmanna hafa tekið þátt í þessari vinnu og lýst sig tilbúna að skoða hvort mögulegt sé að hanna eitt sameiginlegt lífeyriskerfi fyrir allan vinnumarkaðinn þegar til framtíðar er litið. Sá vilji er enn fyrir hendi. Það sem aðallega hefur tafið þessa vinnu að mínu mati er sú krafa, sem einkum hefur komið fram hjá forseta ASÍ, að hluti af samkomulaginu eigi að vera að skerða réttindi núverandi sjóðfélaga í LSR og LSS hvað varðar framtíðarávinning réttinda. Um slíkt verður aldrei samkomulag.

Er þá hægt að semja um lokun A deildar LSR og LSS fyrir nýjum félögum og taka upp nýtt kerfi fyrir alla landsmenn til framtíðar?

Vissulega er það hægt þar sem engin réttindi væru með því tekin af núverandi sjóðfélögum, hvorki í nútíð eða framtíð. Verði sú leið valin verður hins vegar að skilgreina fyrst hver lágmarksréttindin í þeirri deild eiga að vera og á hvaða forsendum hún á að starfa.

- Á hún að vera með föst réttindi og breytilegt iðgjald?
- Á hún að vera með breytileg réttindi og fast iðgjald?
- Á hún að byggja á jafnri réttindaávinnslu eða vera aldurstengd?

Þetta eru grundvallarspurningar sem verður að svara áður en hægt er að halda áfram. Þegar lágmarksréttindi eru skilgreind er gott að horfa til þess hvort núverandi réttindi sjóðfélaga í LSR og LSS séu of góð. Svar mitt við þeirri spurningu er nei enda þarf ekki annað en að skoða lífeyrisgreiðslur eins og þær eru í dag til að sjá að svo er ekki.

Það er öllum ljóst að almenn sátt þarf að ríkja um lífeyriskerfi landsmanna og til að ná fram þeirri sátt hafa opinberu samtökin lýst sig reiðubúin til að leggja sitt lóð á vogarskálarnar. Fyrirvararnir eru þó skýrir. Samtökin styðja ekki skerðingu réttinda, samtökin telja núverandi kjör félagsmanna sinna ekki nein ofurkjör heldur kjör sem taka þarf mið af ef stofna á nýtt kerfi fyrir alla landsmenn. Þegar lífeyrisréttindi eru skoðuð þarf að sjálfsgöðu að líta á þau sem einn hluta af ævikjörum fólks. Lífeyrisréttindi verða ekki skoðuð sem einangraður þáttur kjara heldur verður að líta til heildarinnar.

Það hefur margoft komið fram í launakönnunum að laun á almennum vinnumarkaði eru hærrí en á hinum opinbera þegar bornir eru saman sambærilegir hópar. Þetta hefur verið réttlætt með því að réttindi opinberra starfsmanna séu almennt betri en þeirra sem vinna á almennum markaði. Ef endurskoða á lífeyriskerfið inn í framtíðina verður það ekki gert öðruvísi en að launakjör í heild sinni komi til endurskoðunar á sama tíma.

Þeirri staðreynd að fjárhagsleg staða opinberu sjóðanna sé alvarleg hafa opinberir starfsmenn aldrei neitað og þess vegna hafa fulltrúar samtakanna tekið þátt í vinnu sem miðar að því að finna leiðir til að styrkja fjárhagslega stöðu B deildar LSR. Eins hafa fulltrúar samtakanna í stjórn LSR ítrekað lagt fram tillögur um hækkun iðgjalds launagreiðenda til A deildar en þær tillögur hafa alltaf fallið vegna andstöðu fulltrúa fjármálaráðherra í stjórninni.

Er þá allt sem sýnist í þessum málaflokk?

BHM, BSRB og KÍ hafa lengi haft áhuga því að fá eftirfarandi útreiknað:

Hvað myndi það kosta TR ef lífeyriskjör opinberra starfsmanna yrðu færð niður til jafns við kjör almennu sjóðanna?

Hvað myndi það kosta TR ef þeir opinberu lífeyrisþegar sem nú dvelja á elli- eða hjúkrunarheimilum og greiða dvöl sína sjálfir að fullu eða verulegu leyti hættu því?

Þessi ósk var ekki sett fram vegna þess að samtökin telji þennan möguleika inni í myndinni, það er að segja að skerða lögbundin kjör, heldur til að draga fram hvaða skuldbindingar ríkið hefur almennt gagnvart þegnum sínum.

Sumt er hægt að reikna en annað ekki en að fengnum þeim niðurstöðum sem hægt er að fá þarf að mati samtakanna að draga þær tölur frá hinum svokölluðu lífeyrisskuldbindingum. Mismunurinn sem þá fæst eru því hinar raunverulegu skuldbindingar vegna lífeyrissjóða opinberra starfsmanna, hitt eru skuldbindingar ríkisins við einstaklinga. Skuldbindingar, sem hvort sem er féllu á ríkið. Það fór á endanum svo að samtökin ákváðu að fá þetta útreiknað eftir því sem hægt er og kosta þá vinnu sjálf. Samtökin fengu til verksins einn færasta sérfræðing landsins á þessu sviði, Benedikt Jóhannesson.

Ástæðan fyrir því að við efnum til þessarar ráðstefnu í dag er ekki síst sú að hér á eftir mun Benedikt gera grein fyrir helstu niðurstöðum athuganna sinna varðandi ofangreind álitamál. Það er gríðarlega mikilvægt að hafa í huga að lífeyrir fólks samanstendur af fleiru en því sem hver og einn fær útborgað úr sínum lífeyrissjóði eða sjóðum. Hlutverk Tryggingastofnunar við að jafna kjör lífeyrisþega má ekki gleymast í þessu samhengi eins og ég nefndi hér að framan. Þá má heldur ekki gleyma þeirri staðreynd að lífeyrisgreiðslur lúta sömu lögmálum og aðrar launagreiðslur varðandi skattlagningu. Við höfum því fengið Sigríði Lillý Baldursdóttur forstjóra TR til að fjalla um hlutverk stofnunarinnar varðandi greiðslu lífeyris og samspil almannatrygginga við lífeyrissjóði. Síðast en ekki síst höfum við fengið nýjan fjármálaráðherra, Oddnýju G. Harðardóttur, til að fjalla um sýn ríkisins á þessi mál.

Það er von okkar að málþingið hér í dag verði áhugavert og fólk fari heim einhvers vísari um þennan mikilvæga málaflokk. Vonandi tekst að upplýsa um margt og þá um leið að eyða tortryggni.

Um leið og ég, fyrir hönd BHM, BSRB og KÍ, set þetta málþing bið ég Elínu Björgu Jónsdóttur að koma hér upp og taka við stjórninni.